



## Kaupmáttur hálaunahópa hefur minnkað en lágláunahópa aukist

Vísitala kaupmáttar launa<sup>1</sup> hefur þokast upp á við á síðustu árum samfara uppgangi í efnahagslífinu og fremur lágri og stöðugri verðbólgu. Kaupmáttur féll verulega í hruninu samfara verðbólguþykningu og samdrætti sem gaf lítið sem ekkert svigrúm fyrir launahækkunir, auk þess sem margir tóku á sig beina launalækkun. Síðan þá hefur kaupmátturinn leitað upp á við og er nú orðinn lítið eitt hærra en hann var þegar hann náði sögulegu hámarki fyrir hrun.


### Lægra launaðir hópar koma betur út

Þegar rýnt er betur í tölurnar kemur á daginn að kaupmáttur allra hópa hefur aukist frá því hann var lægstur eftir hrun, en mismikið. Sé tekið mið af kaupmáttinum þegar hann var mestur fyrir hrun er þróunin mjög mismunandi. Sumir hópar eiga nokkuð í land með að ná sömu raunlaunum meðan aðrir eru betur settir en áður.

Gögn Hagstofunnar sýna að hálaunahópar eins og stjórnendur, sérfræðingar, tæknar og sérmenntað starfsfólk vantar enn upp á að ná þeim kaupmátti sem það hafði þegar hann var mestur fyrir hrun. Lægra launaðir hópar eins og verkafólk, skrifstofufólk og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk eru hins vegar með hærri kaupmátt launa nú en þeir höfðu þegar hann var sem hæstur fyrir hrun.


Kaupmáttur stjórnenda var í lok 4. ársfjórðungs síðasta árs tæpum 10% lægri en hann var mestur fyrir hrun og iðnaðarmanna 5,9% lægri. Kaupmáttur verkafólks var 3,7% hærra, skrifstofufólks 6,5% hærra og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks 5,3% hærra.

Kaupmáttur launa



Heimild: Hagstofa Íslands

Kaupmáttur launa eftir starfstétt



Um er að ræða alla gagnaröð Hagstofunnar.  
Heimild: Hagstofa Íslands

<sup>1</sup> Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands mælir vísitala kaupmáttar launa breytingu launavísitölu umfram breytingu á vísitölu neysluverðs, þ.e.a.s. raunhækkun launa á tímabilinu. Kaupmáttur launa sýnir hversu mikið af vöru og þjónustu hægt er að kaupa fyrir laun. Óbreyttur kaupmáttur frá fyrra ári þýðir að hægt er að kaupa sambærilega vörukörfu og fyrir ári. Aukinn kaupmáttur þýðir að hægt er að kaupa stærri vörukröfu en fyrir ári síðan. Kaupmáttur eykst þegar laun hækka umfram verðlag en minnkar þegar verðbólgan er meiri en launahækkunir.




## Hóflegar launahækkunar líklegri til að bæta kaupmátt varanlega

Allt stefnir í að yfirstandandi kjarasamningsviðræður verði einhverjar þær hörðustu í langan tíma. Ýmis stéttarfélag hafa farið fram á tuga prósentu hækkun launa. Gangi slíkar hækkunar yfir stóran hluta vinnumarkaðarins er mjög líklegt að það muni ekki þjóna hagsmunum launafólks á Íslandi til lengri tíma lítið. Til skemmri tíma er hægt að hækka laun umfram framleiðni og auka þannig kaupmátt tímabundið. Til lengri tíma verða lífsskjör ekki bætt á þann hátt. Það eina sem getur bætt lífsskjör varanlega er aukin framleiðsla eins og t.d. í formi aukinnar landsframleiðslu eða aukinnar framleiðni en þetta helst í hendur. Sé seilst til þess að hækka laun langt umfram framleiðni, eins og kröfur ýmissa launþegahópa hljóða upp á, mun það hækka kaupmáttinn tímabundið en þegar frá líður mun verðbólgan líkast til éta upp þær launahækkunar og jafnvel gott betur.

Óhóflegar launahækkunar munu líklega skilja launamenn eftir með lægri kaupmátt á endanum en í tilfalli launahækkana sem taka mið af framleiðniþróun. Ástæðan fyrir því að verðbólgan fer af stað í tilfalli tuga prósentu launahækkana er einfaldlega sú að þar sem framleiðnin vex hægar eykst framleiðslan að sama skapi mikið minna. Tekjur fyrirtækja aukast þar með mun minna en kostnaður þeirra. Forsvarsmönnum fyrirtækja er því í flestum tilvikum nauðugur einn kostur að velja launahækkunum út í verðlagið eða skera niður launakostnað með fækkun starfsfólks.

## Breyting kaupmáttar ýmissa hópa



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.